

Akstursþjónusta fólks með fötlun hefur það að markmiði að gera þeim sem ekki geta nýtt almenningsfarartæki vegna fötlunar kleift að stunda atvinnu, nám og njóta tólstunda. Sérútbúnir bílar eru notaðir í akstursþjónustunni til að geta ekið fólki sem notar hjóla-stóla. Kópavogsbær hefur samþykkt reglur um akstursþjónustu fatlaðra, sjá [www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is)

### Hverjir eiga rétt?

Samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga 40/1991 með síðari breytingum eiga þeir rétt á akstursþjónustu sem geta ekki notað almenningsvagna vegna fötlunar. Lögblindir geta sótt um að ferðast með leigubílum skv. samningi Kópavogsbæjar og Blindrafélagsins.

### Hvernig er sótt um?

Umsóknir um þjónustu þurfa að berast skriflega eða á rafrænu formi til velferðarsviðs. Eyðublöð má fá í afgreiðslu velferðarsviðs, eða á heimasíðu Kópavogsbæjar [www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is) Umsókn þarf að vera undirrituð af umsækjanda sjálfum, talsmanni hans eða forsjáraðila. Með umsókn þarf að fylgja læknisvottorð og/eða vottorð frá öðrum fagaðila þar sem staðfest er fötlun og skortur á getu viðkomandi til að ferðast með almenningsvögnum. Í umsókn þurfa að koma fram ástæður fyrir umsókn, svo og óskir um fjölda ferða.

### Hve mikla akstursþjónustu er hægt að fá?

Heildarfjöldi ferða er að hámarki 68 ferðir á mánuði. Ferðir eru ætlaðar til og frá vinnu, skóla og hæfingu. Fjöldi ferða til annarra erindagjörða er takmarkaður við 24 ferðir á mánuði. Umsóknir eru teknar fyrir á deildarfundum þjónustudeildar fatlaðra að jafnaði sjö dögum eftir að umsókn og gögn hafa borist.

### Hvernig er greitt fyrir akstursþjónustu?

Gjaldskrá fyrir akstursþjónustu tekur mið af gjaldskrá strætó. Gjald fyrir almenna akstursþjónustu miðast við helming af almennu fargjaldi Strætó. Aukagjald leggst ofan á almennt gjald ef ferð er ekki pöntuð með fyrirvara, þ.e. fyrir kl. 16:00 daginn áður eða ef um er að ræða kvöldferð þá þarf að panta fyrir kl. 16:00 þann dag.

**Gjaldskrá með leigubíl fyrir lögblinda** miðast við fullt fargjald Strætó. Kostnaðarhlutdeild notanda hækkar sem nemur einu staðgreiðslufargjaldi Strætó fyrir hvert kostnaðarþrep. Gjaldið er innheimt í heimabanka um hver mánaðarmót.

**Dæmi:** Ef kostnaður á ferð með leigubíl fer umfram 9.146 kr. er gjaldið eftirfarandi:

Kostnaður ferðar allt að 9.146 – 11.146 kr. kostnaður notenda 1.300 kr.

Kostnaður ferðar allt að 11.146 – 13.146 kr. kostnaður notenda 1.950 kr.

*Verð eru sett fram með fyrirvara um breytingar í gjaldskrá*

### Hver hefur eftirlit og umsjón með þjónustunni?

Akstursaðilar hafa umsjón með daglegri framkvæmd þjónustunnar. Notendum er bent á að snúa sér til akstursaðila eða fulltrúa á velferðarsviði til að fá upplýsingar um mál sem tengjast akstursþjónustunni eða til að koma á framfæri ábendingum og/eða kvörtunum.

- Fulltrúi akstursþjónustu á velferðarsviði:
- Sigríður Ragnarsdóttir: [sirryr@kopavogur.is](mailto:sirryr@kopavogur.is)
- Kristín Þyrí Þorsteinsdóttir er skrifstofustjóri skrifstofu þjónustu og sértækrar ráðgjafar [kristinthyri@kopavogur.is](mailto:kristinthyri@kopavogur.is)

**Hægt er að hafa samband við þjónustuborð í síma 441-0000 alla daga.**

**Einnig er hægt að skilja eftir skilaboð í þjónustuveri Kópavogsbæjar, og fulltrúi mun hafa samband.**